

**FÉLAG ÍSLENSKRA  
BÓKAÚTGEFENDA**

Reykjavík 24.05 2024

Hér á eftir fer umsögn stjórnar Félags íslenskra bókaútgefenda (Fíbút) til Allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis um frumvarp til laga um listamannalaun, 937. mál.

Umsögn þessi er samhljóða umsögn sem stjórn Fíbút sendi inn í Samráðsgátt stjórnvalda 21. mars s.l. þegar drögin að frumvarpinu voru kynnt.

Við teljum að launasjóður rithöfunda sé mikilvægur hlekkur í vistkerfi bókaútgáfu á Íslandi og forsenda þess að rithöfundar geti helgað sig skrifum sínum. Án hans væri íslensk bókaútgáfa ekki með þeim blómlega hætti og hún er núna í dag. Því styðjum við eflingu hans eins og lagt er til í frumvarpinu og fögnum sérstaklega þeim aukna stuðningi sem er boðaður fyrir unga og upprennandi höfunda.

F.h. stjórnar Félags íslenskra bókaútgefenda,



Heiðar Ingi Svansson, formaður